



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu miðvikudaginn 28.01.2015 kl. 17:15

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI) Sigurður Bjarnason (SB), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir og Ragheiður Traustadóttir. Einnig sat fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina og Páll Grétarsson fjármálastjóri. Viðar Erlingsson boðaði forföll.

Fundargerð

Formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson, setti fund og stýrði.

1. Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð aðalstjórnarfundar frá 25. nóvember var lögð fyrir og samþykkt.

2. Fjármál

- Drög að uppgjöri
 - Lögð fram drög að uppgjöri 2014.
 - Einhver vinna er eftir til að klára uppgjörið.
 - Áhyggjur af stöðu fimleikadeildar. Óskað var eftir því að útgönguspá fimleikadeildarinnar og drög að uppgjöri verði borin saman og lagt fyrir á næsta aðalstjórnarfundum.
 - Lýst var yfir áhyggjum af stöðu handknattleiksdeildar og hvernig það má vera að útgjöld séu hærra en áætlun heimilaði. Óskað eftir skýringum á næsta aðalstjórnarfundum.
 - Drög að úthlutun úr afrekssjóði
 - Lögð fram drög að úthlutun úr afrekssjóði m.v. fyrirbyggjandi drög að uppgjöri 2014.
 - Afrekssjóðsnefnd mun fara betur yfir úthlutunina þegar lokauppgjör liggur fyrir.
 - Dreifing BOGU styrks
 - Ákveðið var að halda áfram að dreifa BOGU styrknum með sama hætti og gert hefur verið hingað til.
 - Annars vegar með 500 þús. kr. framlagi fyrir starfandi yfirþjálfara í deild og hins vegar hlutfallslega eftir fjölda iðkenda á aldrinum 13-18 ára.
 - Áætlun 2015 m.v breyttar forsendur
 - Forsendur fyrir áætlun 2015 hafa breyst verulega og verður þörf á að endurskoða flestar áætlanir
 - Almennt var gert var ráð fyrir 3% hækkun á styrkjum frá bænum sem mun ekki ganga eftir.
 - Afrekssstyrkur lækkar á milli ára.
 - BOGU styrkur hækkar ekki.
 - Rekstrarstyrkur hækkar verulega.
 - Um leið og endanlegt uppgjör 2014 liggur fyrir verður skrifstofan að setjast niður með öllum deildum og fara ítarlega yfir áætlanir.



3. Búningamál

- Lagt var fyrir erindi frá knattspyrnudeild um búningamál.
 - Erindið var samþykkt með fyrirvörum.
 - Lagt var til að nýir aðilar frá aðalstjórn og knattspyrnudeild komi að málinu til að útfæra sameiginlega niðurstöðu.

4. Samningur um Stjörnuhlaup

- Samningur við Garðabæ um Stjörnuhlaup var lagður fyrir aðalstjórn og hann staðfestur.

5. Skipulagsmál

- Umræða um aðalskipulagsvinnu Garðabæjar
 - Framkvæmdastjóra falið að óska eftir kynningu frá Garðabæ og formlegri aðkomu félagsins við skipulag íþróttasvæða í aðalskipulagsvinnu bæjarins.
- Umræða um byggingu skóla- og íþróttamannvirkja í Urriðaholti
 - Framkvæmdastjóra falið að óska eftir aðkomu félagsins að hönnun og skipulagi þeirra íþróttamannvirkja sem gert er ráð fyrir í nýjum skóla í Urriðaholti.

6. Erindi til Garðabæjar

- Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu mála gagnvart Garðabæ auk þess að leggja fram tillögu að erindum:
 - Rekstrarsamningur við Garðabæ – staða mála
 - Vallarsamningur – beiðni um endurnýjun samnings
 - Beiðni um fjárhagsstuðning vegna endurnýjunar á félagsaðstöðu í Stjörnuheimili
 - Beiðni um fjárveitingu og breytingar á starfsmannaðstöðu í vallarmannvirkjum
 - Beiðni um kaup á vallarklukku á Samsungvöll í samvinnu við Stjörnuna
 - Beiðni um uppsetningu rekkverks á knattspyrnuvöll
 - Beiðni um fjárveitingu vegna kostnaðar við aðstöðu fjölmiðla á Samsungvelli
 - Beiðni um kaup á mörkum á knattspyrnuvelli
 - Ósk um aðstöðu í skólum þegar æfingar falla niður vegna veðurs

7. Formannafundur vegna þingsályktunartillögu

- Formaður greindi aðalstjórn frá fundi sem hann og gjaldkeri voru boðaðir á hjá FH vegna frumvarps til laga um breytingu á virðisaukaskatti.
- Framkvæmdastjóra var falið að senda stuðningsyfirlýsingu til þingmanna/þingnefndarinnar um framgang frumvarpsins, sérstaklega 1. lið sem kvað á um undanþágu á virðisaukaskattskyldri starfsemi.



8. Ýmis erindi til aðalstjórnar

- Frá handknattleiksdeild v/ Álftanes verkefnis
 - Erindinu var vísað til gjaldkera og framkvæmdastjóra
- Erindi frá handknattleiksdeild karla vegna samnings við erlendan leikmann.
 - Aðalstjórn samþykkir fjárhagsáætlun vegna verkefnisins.

9. Erindi frá FG

- Fulltrúum félagsins var boðið að koma á fund hjá FG 4. febrúar kl 15:00 v/ samstarfs ungmennafélagsins og FG til að stuðla að meiri ástund náms hjá íþróttafólki.
 - Lagt var til að verkefnastjóri Stjörnunnar og formaður félagsins sitji fundinn.
 - Framkvæmdastjóra falið að fylgja eftir mætingu þeirra deilda sem einnig fengu boð.

10. Samninganefnd

- Lögð var fram tillaga að nöfnum í samninganefnd fyrir félagið.
 - Tillagan var samþykkt og er gert ráð fyrir því að nefndin taki til starfa eftir vetrarfrí í grunnskólum Garðabæ.
 - Nefndarmenn verða:
 - a. Þóra Margrét Hjaltsted
 - b. Áslaug Auður Guðmundsdóttir
 - c. Þór Jónsson
 - d. Guðný Hansdóttir

11. Árangur íþróttafólks hjá Stjörnunni

- Aðalstjórn vill koma fram hamingjuóskum til alls þess íþróttafólks sem hlaut viðurkenningu á íþróttamanni Garðabæjar auk þess að nefna sérstaklega þá sem voru útnefndir á opinberum vettvangi:
 - Daníel Laxdal - íþróttakarli Garðabæjar 2014
 - Harpa Þorsteinsdóttir - íþróttakona Garðabæjar 2014
 - Mfl. karla í knattspyrnu - lið ársins í Garðabæ 2014
 - Rúnar Páll Sigmundsson - þjálfari ársins, valinn af samtökum íþróttافرéttamanna

12. Þorrablót Stjörnunnar

- Aðalstjórn félagsins vill þakka Þorrablótsnefndinni fyrir vel unnin störf og frábært þorrablót. Framkvæmdastjóra falið að koma þökkum áleiðis.
- Umræða um framkvæmd miðasölu.

13. Skýrsla framkvæmdastjóra

- Farið var yfir stöðu á bókhaldsmálum og framgangi á innleiðingu á nýju bókhaldskerfi.



- Verkefni sem eru í gangi:
 - Innleiðing og vinna með bókhaldsmálin halda áfram
 - Farið var yfir mikilvægi þess að ná hvatapeningatengingu á milli Garðabæjar og Stjörnunnar
 - Í dag er ástandið óviðunandi
 - Sparnaðaraðgerðir
 - Markmið framkvæmdastjóra og fjármálastjóra er að fara yfir stóra kostnaðarliði hjá félaginu og freista þess að ná fram hagræðingu
 - Félagsgjöld
 - Setja verkefnið í forgang
 - Fyrirmyndafélag ÍSÍ
 - Verkefnastjóri vinnur hörðum höndum að því til að fá vottun fyrir næstu 4 ár.
 - Vallarstarfið í sumar og næsta vetur
 - Framkvæmdastjóri mun kynna á næsta aðalstjórnarfundi sínar hugmyndir um breytingar á starfinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:15. Ritað J.Egils